

Ed.

948. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita leyfisbrjef til mannvirkja til notkunar vatnsaflsins í Soginu.

Frá Sogsfossanefndinni.

Nefndin hefir athugað mál þetta á allmörgum fundum, en þó eigi eins og vert var, bæði sakir þess að mannaskifti urðu í nefndinni og að sá nefndarmanna, er eigi undirritar álit þetta, hefir verið sjúkur nú um hrið.

Slikt stórmál, er hlýtur að hafa afarmikil áhrif á allan landshag og getur jafnvel orðið til að gerbreyta atvinnuvegum þessa lands, verður að undirbúa vel og vandlega.

En sæmilegan undirbúning getur málið með engu móti fengið á þessu þingi. Til þess þarf að afla skýrslna og upplýsinga, er eigi verða fengnar nema með aðstoð sjerfróðra manna, er þingið á eigi kost á. Því að áður en unt er að setja heimildarlög þau, er hjer ræðir um, verður að athuga, hverjar breytingar nauðsynlegt er að gera á gildandi fossalöggjöf, sem nú er orðin allúrelt og ófullnægjandi. Því að innan þeirra takmarka, er væntanleg fossalög setja, verða hin nánari ákvæði í leyfisbrjefum til starfrækslu fossaafis vitanlega að vera.

En jafnframt þessu virðist sjálfsagt, að aflað verði upplýsinga og skýrslna um fossa landsins og notagildi þeirra, til þess að yfirlit fáist yfir, hve miklu vatnsaflí landið getur átt ráð á og hvort eða hve nær líkur eru til að unt sje að notfæra sjer það, svo og að ihugað verði, hvort tiltækilegt sje, að landið kaupi vatnsafl og starfræki það, og þá að hve miklu leyti, en þar getur verið um tvær leiðir að velja, aðra þá, að landið kaupi einstaka fossa, en hina, að það kaupi eða áskilji sjer hluti í fossafjelögum, eða þá hvorttveggja.

Fyrir því hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að full nauðsyn sje á, að mál þetta alt saman verði ihugað af sjerstakri nefnd, til undirbúnings væntanlegri lagaskipun í þessum efnun. Hafa orðið nokkuð skiftar skoðanir í nefndinni, bæði um tölu nefndármanna og hvernig nefndin skuli skipuð, en niðurstaðan, með nokkrum fyrirvara þó, orðið sú að leggja til, að í sameinuðu þingi verði borin fram tillaga til þingsályktunar, sem prentuð er á sjerstöku þingskjali.

Alþingi, 14. september 1917.

Hjörtur Snorrason,
formaður.

Magnús Torfason,
ritari.

Eggert Pálsson,
(með fyrirvara).

Karl Einarsson.